



Hafnarfjörður

## Afnotaleyfi í bæjarlandi í Hafnarfirði

### Verklagsreglur

Gildir frá 11.ágúst 2026

Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar hefur eftirlit með öllum greftri, framkvæmdum og stærri viðburðum í landi bæjarins. Allir sem þurfa að framkvæma í landi bæjarins þurfa að sækja leyfi til Umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðar.

Hér verður farið yfir eftirfarandi atriði:

- Umsóknarskylda á öllum framkvæmdum
- Samræming veitna í stærri verkum
- Kvaðir á leyfishafa
- Reglur um gröft

#### Umsóknarskylda á öllum framkvæmdum:

Sótt er um leyfi á vefsíðu bæjarins <https://hafnarfjordur.is/framkvaemdir/afnotaleyfi> Þá fær Framkvæmda og rekstrardeildin umsóknina til vinnslu. Umsóknir skulu berast a.m.k. 3 virkum dögum áður en framkvæmdir/viðburðir eiga að hefjast. Sé um neyðartilfelli að ræða skal tilkynna það til Framkvæmdadeildarinnar eins fljótt og mögulegt er. Sækja þarf um allar framkvæmdir/viðburði sem og truflanir á umferð. Séu verkin stór eða umfangsmikil þarf að sækja um með meiri fyrirvara.

Í umsókninni skulu eftirfarandi upplýsingar fylgja:

Leyfishafi/umsækjandi:

Nafn fyrirtækis / einstaklings:

Kennitala :

Heimilisfang :

Tengiliður :

Sími :

Netfang :

Staðsetning : ( eins nákvæm og unnt er og helst teikning )

Verklýsing : ( eins nákvæm og unnt er )

Gildistími : ( eins nákvæm og unnt er )

#### Samræming veitna í stærri verkefnum:

Hafnarfjarðarbær ætlar veitunum að samræma stærri/ný verk sín á milli. Smærri viðgerðir og verk eru undanskildar þessu. Það hefur verið töluvert um stórar framkvæmdir hafi verið hafnar og svo komið í ljós að aðrar veitur þurfi líka að fara í framkvæmdir á sömu stöðum. Slíkur tvíverknaður er mikið óhagræði og ónæði fyrir



# Hafnarfjörður

íbúa og aðra. Eins kemur það mikið niður á gæðum yfirborðs að grafa margoft í gegnum það.

## **Kvaðir á leyfishafa:**

Þegar sótt er um gengst leyfishafi við þeim skyldum og reglum sem hér eru settar fram.

-Leyfishafi setur upp umferðarmerkingar í samræmi við umferðarlög og reglugerðir. (og eða skv. tilmælum Framkvæmdadeildar). Leyfishafi tryggir að vegfarendum, (akandi, gangandi eða hjólandi), stafi ekki hættu af framkvæmdunum. Tafir á umferð verði í lágmarki og framkvæmdum ljúki á tilsettum tíma. Hér getur þú kynnt þér [vinnusvæðamerkingar](#) hjá Vegagerðinni.

-Sýnist Lögreglu eða Framkvæmdadeildinni að um vanmerkingar sé að ræða eða að leyfishafi hefur ekki staðið að framkvæmdunum sem skyldi, getur hún krafist tafarlausra úrbóta eða látið framkvæma úrbætur á kostnað leyfishafa.

-Leyfishafi ber alla ábyrgð á tjóni sem má rekja til að ekki hafi verið rétt staðið að merkingum.

- Sækja verður um framkvæmdaheimild a.m.k. 3 virkum dögum áður en framkvæmdir eiga að hefjast nema þegar um neyðartilfelli er að ræða. Þá skal tilkynna um verkið eins fljótt og mögulegt er.
- Áður en að verk hefst þarf leyfishafi að hitta eftirlitsmann á vegum Hafnarfjarðar á verkstað og fara yfir verkið. Eftirlitsmaður mun taka myndir af fyrirhuguðu verksvæði.
- Leyfishafi fær eintak af samþykktri framkvæmdaheimild og er einungis heimilt að hefja framkvæmdir eftir að það hefur borist honum.

-Leyfishafi skal skila vinnusvæðinu eins og hann kom að því innan 15 virkra daga eftir að verkinu er lokið og skal allur frágangur vera í höndum fagaðila. Vakin er sérstök athygli á því að efnisval og efnisþykkt í yfirborðsfrágangi skal vera sambærilegt og fyrir var. Að þeim tíma loknum áskilur Hafnarfjarðarbær sér rétt til þess að koma svæðinu í fyrra horf á kostnað umsækjanda. Ef að verkið er unnið á þeim tíma sem að ekki er hægt að fá malbik, steypu eða torf sökum veðurs, skal láta eftirlitsmann vita og klára svo yfirborðsfráganginn við fyrsta tækifæri.

-Leyfishafi getur óskað eftir því að Hafnarfjarðarbær taki að sér yfirborðsfrágang skv. gildandi gjaldskrá. Þá skal óska eftir því við eftirlitsmann.

-Hafnarfjarðarbær áskilur sér einnig rétt til þess að gera ráðstafanir á kostnað umsækjanda ef að hættu skapast af framkvæmdum og þarf að bregðast strax við. Þetta á t.d. við um skurð í götu þar sem ekki er búið malbika og hefur sigið í undirlaginu þannig að brún myndist.

Leyfishafi :

- Skal kynna sér allar lagnir sem kunna að vera á svæðinu.
- Ber alla ábyrgð á skemmdum sem vinna hans gæti haft í för með sér.
- Ber ábyrgð á svæðinu í 4 ár eftir að verktíma lýkur. Þetta á t.d. við um sig í götu eða gróður sem nær sér ekki á strik sem má rekja til framkvæmdana.

-Tilkynna skal eftirlitsmanni um verklok og óska eftir úttekt á gæðum og frágangi.

## **Verklagsreglur við gröft:**

Hafnarfjarðarbær vill að ákveðið verklag sé viðhaft þegar grafið er í landi bæjarins. Þetta á við um allan gröft, hvort sem það er í föstu slitlagi eða ekki.

Lögð er sérstök áhersla á samstarf og samvinnu veitna um að samnýta skurði, ídráttarrör og annað sem getur komið í veg fyrir tvíverknað og óþarfa gröft.



# Hafnarfjörður

**Hafnarfjarðarbær ætlar veitunum að hafa samráð eins og kostur er áður en til verka kemur.**

## Skurðsnið:

Skurðdýptir og skurðsnið fara alveg eftir hvað er verið að framkvæma og er framkvæmdaraðila eftirlátið að ákveða slíkt. Skurðir skulu almennt ekki vera með minni hliðarhalla en 3:1 til að þjöppun í aðliggjandi jarðvegi haldist. Þurfi skurðsnið að vera með öðrum hætti skal það gert með samþykki Framkæmdadeildar.

## Skurðbreiddir:

Lágmarksbreidd skurðar er háð því hvar er verið að grafa, t.a.m. þarf skurður í göngustíg ekki að vera jafn breiður og í götum.

## Lágmarksbreiddir eru eftirfarandi:

- í malbikuðum stígum 40cm
- í steiptum stéttum 40cm
- í götum 50cm eða meira eftir aðstæðum
- Við stofngötur og stærri götur þarf helst að múla/bora undir. Sé það ekki hægt þá sé stuðst við þessar reglur um gröft.

## Viðgerðir í stéttum/stígum og götum:

Þegar er framkvæmt í stéttum og stígum hefur verklag verið á ýmsa vegu. Leitast er við að hafa þessar verklagsreglur þannig að gæði yfirborðsins rýrist sem minnst þegar kemur að framkvæmdum. Á það bæði við ásýnd og efnisgæði. Verklagið sem lagt er upp með gerir m.a. ráð fyrir:


- Skurðlínur séu alltaf beinar og hornréttar eða samsíða kantlínu stígsins/stéttarinnar.
- Nái skurður frá kanti yfir helming skal fara alveg yfir í hinn kantinn, ekki skilja eftir litlar ræmur
- Passa þarf sérstaklega þjöppun þegar farið er í stétt eða stíg við götu og grafið er alveg upp að kanti.
- Sé upphaflega sögun ekki nægjanlega langt frá skurðstæði skal gera ráð fyrir endursögun á malbiki/steypu til að ná fram hreinum brúnum og nægjanlegri þjöppun.
- Sé verið að þvera stórar umferðargötur skal miðað við að það sé malbikað ekki seinna en næsta dag. Sé það ekki hægt má leggja malbiksþúta í sárið, en þá gert ráð fyrir því í söguninni.
- Í götum þar sem er tvöfalt malbik er skal fræsa „lás“ fyrir endurmalbikun.



Hafnarfjörður

Sjá nánar að meðfylgjandi skýringarmyndum:


## Gröftur í stétt/gangstíg - rangt verklag






Hafnarfjörður

## Gröftur í stétt/gangstíg - rétt verklag



## Skurður án hliðarhalla





Hafnarfjörður







Hafnarfjörður





Hafnarfjörður







# Hafnarfjörður





# Hafnarfjörður

## Verklagsreglur við grastyrfingu:

- Verktaki skal sjá um að faglærður einstaklingur í skrudgarðyrkju sé ábyrgðaraðili verksins
- Jafna skal svæði þar sem tyrfa á
- Þar sem torf kemur að öðru yfirborðsefni svo sem gönguleið eða kanti þá skal torf vera 1-2 cm lægri en yfirborð t.d. malbiks eða steyptri stétt eða kanti.
- Ræktunarjarðvegur skal vera ca 10cm þykkur undir grasi /gróðurþekju. (ekki er heimilt að leggja þökur beint á burðarlagsefni)
- Æskilegur ræktunarjarðvegur er blanda mold 70% og sand (0-2mm) 30%

